

# Fylgiskjal 1: Ræður Ásmundar Friðrikssonar og þingmanna Pírata sem beinast gegn hvor öðrum.

## 1. Ræða Ásmundar Friðrikssonar í störfum þingsins 10.10.2018

Virðulegi forseti. Í ræðu í gærkvöldi urðu mér á mistök þegar ég var að lesa upp úr minnisblaðinu mínu þar sem ég hafði sett tvö S þegar ég ætlaði að tala um sérfræðingana að sunnan. Ég sagði óvart SS-sveitin fyrir sérfræðingana að sunnan. Það finnst mér mjög miður og hafi ég verið með eitthvert gáttlæti á þeirri stundu, sem var mjög alvarleg, stóð það ekki til. En ekki stóð á viðbrögðunum. Píratar stóðu hér upp og fóru að bendla mig við stormsveitir þriðja ríkisins. Þegar þeir tala um mig í þessum sal er það eins og bóndi blístri á hlýðinn smalahund þegar *Stundin* og *Kjarninn* í þessu tilfelli og oftast Ríkisútvarpið taka upp eftir þeim það sem ég mismælti mig hér í gær og fara að bera mig saman við morðóða hunda frá Þýskalandi. Ég verð að segja að það er þyngra en tárur tekur að þurfa að bera svoleiðis.

Það var ekki vitnað í það í þessum fjölmiðlum þegar Pia Kjærsgaard kom hingað í sumar, var fulltrúi danska þingsins á 100 ára afmælisfundum Alþingis á Þingvöllum á Alþingishátíðinni. Þá lét einn af Pírötum hafa það eftir sér þegar hann mótmælti komu hennar að hún hefði sömu skoðanir og Adolf Hitler og þess vegna væri sjálfsagt að mótmæla henni, hún hefði sömu skoðanir og Adolf Hitler. Mér finnst þetta fyrir neðan allar hellur.

Sömu aðilar tala um þjóðhöfðingja vestrænna ríkja sem eru kosnir af fólkinu og líkja þeim við Mussolini og þennan títtnefnda Adolf Hitler. **Svo hafa þeir alls konar flugumenn úti í bæ sem bera út ófögnuð um mann. Þetta er fólk sem stendur upp í þessum sal trekk í trekk, ber upp á mann lygar, hefur sagt að ég væri þjófur, hafi stolið peningum af þinginu — og þau þurfa ekki að standa neinum reikningsskil. Svo hafa þau flugumenn úti í bæ sem taka ósómum úr fjölmiðlunum og senda yfir mann á fésbókinni og víðar.**

**Mér finnst bara óboðlegt (Forseti hringir.) fyrir þingið að það skuli vera talað svona um þingmenn, að þeir séu SS-menn.**

## 2. Ræða Ásmundar Friðrikssonar í störfum þingsins 17.10.2018

“Ég verð bara að segja eins og er að ef fólk ætlar að vera á þessum slóðum er málstaðurinn ekki djúpur þegar gengið er út af fundi út af skoðunum hennar ... **(PSÆ: Draga þessi ummæli til baka.)** (Gripið fram í.) **Ég held að þú ættir að draga ummælin til baka um að ég sé þjófur áður en ég geri það.** (Gripið fram í.)”

## 3. Ræðan var svar við ræðu Helga Hrafns Gunnarssonar þar sem hann sagði m.a.:

Hv. þingmaður Pírata Smári McCarthy gagnrýndi þá líkingu og það Ásmund Friðriksson um að draga hana til baka, sem og hann gerði. Hinn alræmði Pírati féllst á það. Degi síðar stígur Ásmundur Friðriksson hér upp aftur og segir að Píratar hafi kallað sig SS-mann. Hann sagði líka frá því að Pírati hefði sagt Piu Kjærsgaard vera sömu skoðunar og Adolf Hitler.

Ef hann vísar til viðtals við mig á RÚV á sínum tíma þá er það einnig rangt. Í umræðu um útlendingaandúð Piu Kjærsgaard var bent á að hún væri lýðræðislega kjörin — eins og að hún gæti þá ekki verið haldin útlendingaandúð. Ég svaraði með þeirri sögulegu staðreynd að Hitler hefði líka haft atkvæði á bak við sig, sem er augljóslega ekki það sama og vera sömu skoðunar.

Allir í þessum sal eru með atkvæði á bak við sig, þar á meðal ég sjálfur. Ég benti á að óþokkar kæmust til valda þegar fólk kysi óþokka. Það er engin mótsögn þar.

Ég hefði viljað fara dýpra í þessu viðtali og ég skil að fólk bregðist við tali um Hitler með tilfinningahita og án þess að hugsa. Mér finnst það óþolandi en ég skil það. Ég skil hins vegar ekki hvernig hv. þm. Ásmundi Friðrikssyni tókst að túlka umræðuna í síðustu viku þannig að Píratar hefðu bendlað hann við SS-sveitir nema út frá þeirri leiðinlegu skýringu að hann hafi vísvitandi sagt ósatt.

Mig langar til að trúa því að svo sé ekki. Því býð ég Ásmundi Friðrikssyni að veita betri skýringu og vitaskuld að draga ósannindin sjálf til baka, sem ég ætlast að sjálfsögðu til að hann geri. Að lokum þakka ég honum fyrir að hafa þegið boð um að ræða þetta við mig í dag.

## Fylgiskjal 2: Silfrið þann 25.2.2018

Til umfjöllunar voru mál er varða Alþingi.

Egill Helgason stýrði umræðunum og ákvað innrömmun þeirra.

Til umræðu var sérstaklega: Sjálfataka kjörinna fulltrúa, akstursgreiðslur til þingmanna, húsnæðismál Steingríms J. Sigfússonar, spillingarmenning innan Íslands, skýrsla Transparency International þar sem fram kom að Ísland væri spilltasta land Norðurlandanna.

### **ÚTSKRIFT:**

Í framhaldi af umræðu um akstursgreiðslur og spillingu.

ÞSÆ: Þetta er enn ein birtingarmyndin á elítuvæðingu gæða í samfélaginu á Íslandi. Þannig að það gilda eitt sett af reglum um æðstu valdastéttina í landinu þegar kemur að launaþróun og á sama tíma er verið að segja almenningi, þá er verið að segja venjulegu launafólki að þau fái ekki meiri launahækkanir, það sé nú búið að vera allt of mikið um einhverjar launahækkanir, en að gildir annað um okkur hérna sem öllu ráða og allt eiga og þetta er bara eitt dæmi um þetta.

Og af því að við vorum að tala um að ræna tungumálinu af fólki – sko, það að segja venjulegu launafólki að þau fái ekki frekari launahækkanir og skollast svo á því að taka á hvað við höfum fengið miklar launahækkanir og þá sérstaklega einmitt þessir æðstu ráðamenn þjóðarinnar – þetta er að reglurnar gilda ekki um æðstu lög samfélagsins.

Við sjáum þetta endurtekið. Mig langar að koma aftur að þessu með spillingu – við erum spilltasta land Norðurlandanna. Það sem við horfum uppá á Íslandi, ástæðan fyrir því að það er svona mikið vantraust, ástæðan fyrir því að það er svona mikil reiði er að reglurnar gilda ekki um æðstu valdhafa á Íslandi og um æðsta lag samfélagsins á Íslandi. Við sjáum það að ráðherrar þjóðarinnar eru aldrei látnir sæta afleiðingum. Við sjáum það að þingmenn eru ekki látnir sæta afleiðingum.

Nú er rökstuddur grunur um það að Ásmundur Friðriksson hafi dregið að sér fé, almannafé og við erum ekki að sjá viðbrögð þess efnis að það sé verið að setja á fót rannsókn í þeim efnum. Það hefur átt sér stað ein rannsókn í spillingarmáli stjórnámálamanns á Íslandi svo ég viti til og það var málið hans Árna Johnsen, við erum samt með fjármálaráðherra sem var í Panamaskjölunum, og höfum rökstuddan grun til þess að hugsa það að hann hafi ekki gefið rétt upp til skatts, við höfum líka rökstuddan grun uppi um það að hann hafi misbeitt opinberu valdi til eigin hagsmuna, til þess að hagnast sínum flokki, með því að stinga skýrslum sem voru óþægilegar fyrir kosningar undir stól, til þess að hagnast sinni eigin fjölskyldu með því að hafa bein áhrif á skattrannsóknarstjóra þegar hún var að reyna að kaupa gögn, sömu gögn og Panamaskjölun bara rétt fyrir það, við höfum rökstuddan grun um það að hann hafi framið refsivert athæfi en það er enginn, það er enginn sem tekur sig til og rannsakar það.

Við höfum rökstuddan grun um það að dómismálaráðherrann okkar hafi misbeitt opinberu valdi fyrir sína eigin hagsmuni, í uppreist æru málinu, í Landsréttarmálinu, en það er enginn sem tekur sig til og rannsakar það vegna þess að viðhorfið hér er að æðsta lag samfélagsins sé hafið yfir lögin sem við hin erum látin fylgja, eða það er að segja – ég veit ekki hvernig yrði komið fram við mig ef ég myndi koma mér í svona klandur þessa daganna því ég er nú komin í aðeins aðra stöðu heldur en ég var en ég tek því sem svo að almenningur er látinn sæta mjög ströngum reglum – um skattrannsóknir á þeirra högum, bótaþegar hvernig komið er fram við þá þegar það er minnsti grunur um að þau séu að svíkja út opinbert fé, hvernig við tölum um þau og þann hóp í þjóðfélaginu. Hvað við gerum þegar kemur að því að við höfum minnstu grunsemd um að hinn almenni borgari hafi brotið einhverjar reglur sem að fylgja okkar samfélagssáttmála.

En þegar við tölum um æðstu ráðamenn þjóðarinnar, þingmenn, ráðherra, forstöðumenn, við sjáum það líka endurtekið að þeir sem eru í æðstu stöðum í stjórnsýslunni þeim er verðlaunað líka, fyrir það að brjóta reglur, þeir sæta engum afleiðingum, horfum til dæmis á Braga Guðbrandsson, forstjóra Barnaverndarstofu, hann er búinn að sitja undir ítrekuðum kvörtunum frá barnaverndarnefndum sem að vinna með honum um ófagleg vinnubrögð um óeðlileg afskipti og um bara mjög vandræðaleg og erfið mál fyrir hann og honum er verðlaunað með því að senda hann til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og Ísland ætlar að fara að leggja í peninga að koma honum, Ísland ætlar að fara í kosningabaráttu fyrir þennan mann til þess að koma honum í barnaréttarstarf Sameinuðu þjóðanna sem að ég kalla bara verðlaun fyrir vonda hegðun og á sama tíma losa hann út úr þessu vandamáli.

**Við sjáum það bara endurtekið að ef einhver brot eiga sér stað, það eru engar afleiðingar fyrir æðstu lög samfélagsins og það gildir ekki um hina og þetta finnst mér vera stærsta vandamálið.**

Það er sífellt verið að segja okkur að framkoma ráðamanna sé lögleg en siðlaus. Það er alltaf verið að segja okkur að það þurfi bara að breyta einhverjum reglum þegar í ljós kemur að fólk er búið að brjóta þessar reglur, þessi talandi, hann grefur undan trú okkar á því að það nái einhver lög utan um þessa hegðun, að við höfum einhver lög hérna í þessu samfélagi sem að ber að fylgja og að ráðamönnum þjóðarinnar beri að fylgja þessum lögum. **Tökum dæmi um þennan rökstudda grun sem ég er að vísa í, ég er ekki að segja að þessir einstaklingar séu sekir, það er dómstóll sem á að skera úr um það en það er hins vegar rökstuddur grunur til þess að rannsaka það hvort að Bjarni Benediktsson hafi gerst sekur um brot á lögum um brot opinberra starfsmanna í starfi, að nýta sér sína stöðu sem opinber starfsmaður, sér sjálfum til hagsbóta, það er brot á lögum.**

Egill Helgason: Hvað áttu við nákvæmlega í því?

Ég á til dæmis við að fela skýrslur sem eru óþægilegar fram yfir kosningar, að nota vald sitt sem fjármálaráðherra til þess að neita að birta upplýsingar, sem að liggja fyrir, varða almenning, það kalla ég að nota sitt vald í sína eigin hagsmuni. Að leyna almenning upplýsingum, þvert á upplýsingalög, í uppreist æru málinu, til þess að skýla æru þáverandi

forsætisráðherra, frekar heldur en að veita almenningi þær upplýsingar sem hann átti skilið alveg eins og hefur komið fram...

EH: En þú talar um refsiverð brot?

Já, vegna þess að ef þú ert opinber starfsmaður – þetta er nú vandamálið, þetta er nú vandamálið við þessa umræðu alla, við fáum aldrei að segja að við eigum hérna lög, sem að ná yfir það þegar valdamenn þjóðarinnar misbeita valdi sínu í sína eigin þágu. Það er refsivert. Ríkissaksóknari og lögreglan fara með rannsóknarvald í þessum málum, það heyrir aldrei múkk frá þeim.

EH: Þú telur semsagt að ríkislögreglustjóri og saksóknari eigi að rannsaka Bjarna Ben?

Já, ég tel það alveg fyllilega eðlilegt og ég tel það líka fyllilega eðlilegt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd setji á fót rannsóknarnefnd og athugi hvort það sé tilefni til þess að kalla saman landsdóm. Ég tel það fullkomlega eðlilegt að rannsókn eigi sér stað. Í staðin fyrir að við séum alltaf bara að benda á það, já Bjarni Benediktsson, hann var í Panamaskjölunum, hann er ekki ennþá búinn að skýra hvað, hvernig áhrif þetta hafði á hans skattskil, hann er ekki ennþá búinn að skýra, hvers vegna hann notar sitt vald til þess að hafa bein áhrif á rannsókn á skattrannsóknarstjóra þegar hún var að sækja gögn úr sömu skjölum og Panamaskjölin eru. Að hann notaði sitt vald til þess að tefja fyrir þeirri rannsókn. Allt þetta hérna er mögulega misbeiting á opinberu valdi og það er refsivert og það er í almennum hegningarlögum og þeir eru ekkert yfir það hafnir að vera rannsakaðir fyrir það.

## Fylgiskjal 3: Innlegg Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur á Facebook 25.2.2018

*(Þess skal getið að vísað er til þessa innleggs í erindi Ásmundar en það ekki birt í heild sinni)*

Mig langar að þakka kærlega fyrir þær góðu kveðjur sem ég hef fengið fyrir frammistöðu mína í Silfrinu. Eins vil ég þakka öllum sem sátu við borðið fyrir áhugaverðar og góðar umræður. **Mig langar aðeins að fara betur yfir hvað ég meina þegar ég segi að það gildi ekki sömu reglur um Jón og Séra Jón í íslensku samfélagi.**

Ég vil segja nokkur orð vegna ýmissa ummæla um að fara skuli varlega í umræðuna

Þegar það gerist endurtekið að þær stofnanir sem fara með eftirlitsvaldið í samfélaginu bregðast því hlutverki sínu þegar um er að ræða möguleg brot æðstu ráðamanna þá er ekkert eftir annað en að benda á það sem þær ættu að rannsaka.

Almenn hegningarlög innihalda heilan kafla um brot opinberra starfsmanna í starfi, þessi lög ná eftir atvikum líka yfir þingmenn og ráðherra, að ógleymdum lögum um ráðherraábyrgð. Almennungur í landinu á það skilið að ríkissaksóknari taki það föstum tókum þegar uppi er grunur um brot æðstu ráðamanna í starfi.

Tökum nokkur dæmi. Í 248. gr. almennra hegningarlaga er fjársvik refsivert:

248. gr. Ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmetan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefur þannig fé af honum eða öðrum, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

Sé brotið framið af opinberum starfsmanni kemur það til refsiaukningar sbr. 138. grein sönu laga.

Það er því fullkomlega eðlilegt að skoða grunsamlegt akstursbókhald Ásmundar Friðrikssonar í þessu ljósi, það er fullkomlega eðlilegt í réttarríki að hann sæti rannsókn vegna þessa, rétt eins og hver annar sem uppvís verður að vafasamri fjársöfnun úr vösum skattgreiðenda. Það er í verkahring saksóknara að rannsaka það. Almennungur ber ekki sönnunarbyrðina hér.

Vafasamir fjármálagjörningar Bjarna Benediktssonar korter í hrun gætu vel fallið undir 136. grein almennra hegningarlaga verði sýnt fram á að Bjarni hafi notfært sér innherjaupplýsingar til þess að selja bréf í sjóði níu rétt fyrir gjaldþrot. Það er fullkomlega eðlilegt að rannsaka það, sé brotið ekki fyrnt.

Þar fyrir utan ná 139. grein og 140. gr almennra hegningarlaga utan um þá framkomu ráðamanna að notfæra sér stöðu sína og opinbert vald sér eða öðrum til ávinnings, eða að neita að framkvæma sínar lögbundnu skyldur af ásettu ráði. Það er fullkomlega eðlilegt að rannsaka hvort að skýrslufeluleikur Bjarna fyrir þarsíðustu kosningar, leyndarhyggja Sigríðar Andersen í uppreist æru málinu, Landsréttarmálið, Borgunarmálið, og afskipti af kaupum skattrannsóknastjóra á gögnum úr sama ranni og Panamaskjölin hafi verið dæmi um brot á þessum lögum.

Að skammast í fólki fyrir að benda á lögin í landinu og mögulega eigi þau að ná yfir valdastéttina rétt eins og almenning grefur undan trú okkar á réttarríkið og að allir séu jafnir fyrir lögum.

Þetta eru almenn hegningarlög og þau gilda um misnotkun opinberra starfsmanna á stöðu sinni, þau gilda um ráðherra og alþingismenn. Það þarf bara að framfylgja þeim.

## Fylgiskjal 4: Ýmis ummæli tengd málefnum

### 1. Ásmundur Friðriksson 01.11.2017

Ummæli á vef Vísis.

„Ég hef ekkert skoðað það sérstaklega hvað það kostar að taka bílaleigubíl. Ég er bara með minn bíl og hann er skrifstofan mín. Ég skrái niður akstur minn samviskusamlega og samkvæmt mínum kjörum er mér heimilt að nota bílinn minn. Ég hef alltaf gert þetta í samræmi við lög og reglur og ekki fengið neinar athugasemdir frá yfirboðurum mínum,“ segir Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Þegar hann er spurður hvort hann vilji upplýsa hversu mikið hann ók á síðasta ári og hversu háar upphæðir hann fékk greiddar vegna aksturs var hann ekki tilbúinn til þess. „Þið eruð ekki að spyrja hvað lögfræðingarnir frá Rauða krossinum eru að fá fyrir að senda bréf til innanríkisráðuneytisins vegna hælisleitenda, er það? Þið viljið ekki að þeir missi spón úr aski sínum?“<sup>1</sup>

### 2. Ummæli Brynhildar Pétursdóttur á RÚV um mögulega misnotkun á þingfararkostnaði. 13.02.2018.

“Brynhildur rifjaði upp að árið 2013 hefði hún farið í ferð um kjördæmi sitt á bílaleigubíl frá Alþingi. Þá hefði hún notað tækifærið og farið á Borgarfjörð eystri. Þegar hún hefði spurt þingið hvernig hún ætti að gera upp einkanot á bílnum hefði fátt orðið um svör, aðeins sagt að hún yrði að eiga það við eigin samvisku. Brynhildur ákvað þá að borga helming kostnaðarins við bílaleigubílinn sjálf. Hún sagði eftirlitið hafa verið lítið og hún hafi upplifað þetta þannig að þingmenn hefðu fáránlegan aðgang að ríkissjóði.”<sup>2</sup>

### 3. Björn Leví Gunnarsson og Steingrímur J. Sigfússon 15.02.2018

Umfjöllun í Kastljósi og á vef RÚV.

Ásmundur Friðriksson, sá þingmaður sem fékk hæstu greiðslur í fyrra vegna aksturs, 4.600.000 krónur, hefur sagt að hann hafi einnig greitt þegar hann þarf að aka í kosningabaráttu. Steingrímur segir að það geti verið að í reglunum séu grá svæði sem þurfi að fara betur yfir. „Kosningabaráttu hjá starfandi þingmönnum er hluti af stjórnámálum. Spurningin er hvort þeir eigi að bakka út úr þeim reglum sem um þá gilda sem þingmenn að öllu jöfnu þegar það er mánuður í kosningar og hafin prófkjör í þeirra flokki. Það eru svona álitamál sem ég tel nú vera grá svæði en óskyld erindi eiga að sjálfsögðu ekki erindi í þetta,“ segir Steingrímur.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> <http://www.visir.is/g/2017171109969>

<sup>2</sup> <http://www.ruv.is/frett/audvelt-ad-misnota-kerfi-thingmanna>

<sup>3</sup> <http://www.ruv.is/frett/akstursgreiðslur-ekki-til-ad-kikja-i-kaffi>



#### 4. Umræður um fundarstjórn eftir Silfrið, 26.02.2018

##### **Birgir Ármannsson:**

Herra forseti. Nú er það svo að hér í þessum söllum og raunar utan þeirra líka tókumst við stjórnámálamenn stundum hart á, deilum hvert á annað fyrir orð og athafnir, erum ósammála um stjórnámálaskoðanir og stjórnámálastefnur og höfum líka athugasemdir við það hvernig við rækjum störf okkar. Ég verð hins vegar að segja að *mér finnst farið út fyrir mörk þegar þingmenn á opinberum vettvangi væna aðra þingmenn um refsiverðan verknað án þess að hafa nokkuð fyrir sér í því, eru með ásakanir um að framin hafi verið saknæm og refsiverð brot, brot á almennum hegningarlögum, og segja, af því að þá sjálfa grunar eitthvað, að fyrir hendi sé rökstuddur grunur.*

Nú er það svo að rökstuddur grunur hefur ákveðna merkingu í sakamálaréttarfari. Ég verð að segja að ummæli hv. þm. Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur á opinberum vettvangi í gær fóru að mínu mati gersamlega út fyrir öll mörk (Forseti hringir.) í þessu samhengi. Ég vænti þess að á vettvangi forsætisnefndar þingsins verði þetta rætt með einhverjum hætti (Forseti hringir.) þó að þingmenn séu auðvitað fyrst og fremst ábyrgir orða sinna.

##### **Þórhildur Sunna Ævarsdóttir:**

Herra forseti. Ég má til með að svara þessum ávirðingum þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins. Mig langar kannski að *leggja það alveg skýrt fram hvað ég sagði í Silfrinu í gær, svo það sé á hreinu. Ég ásakaði ekki nokkurn mann um lögbrot. Ég sagði að það væri rökstuddur grunur til að hefja rannsókn á því hvort brot hefði átt sér stað.* Lögfræðingar Sjálfstæðisflokksins sem margir hverjir hafa haft sem hæst í að gagnrýna þessi ummæli mín ættu að vita nákvæmlega sjálfir að það er allt annað mál en að segja að glæpur hafi átt sér stað.

Svo vil ég segja annað að lokum: Þó að rökstuddur grunur sé í vissum tilfellum lögfræðilegt hugtak tilheyrir það ekki lögfræðinni. *Það er almenn skynsemi að tala um að það sé rökstuddur grunur fyrir því að hin ýmsu brot hafi átt sér stað hérna. Ég er ekki lögreglan, ég er ekki að tala fyrir hönd lögreglu þegar ég segi að það sé rökstuddur grunur til að hefja rannsókn á lögbrotum.* Ég er ekki lögreglan. Ég er ekki að segja það í þeim skilningi. (Forseti hringir.) Ég er bara að tala sem venjuleg manneskja sem talar við venjulegt fólk án þess að ætla að ræna það skynsamlegu orðfæri.

##### **Birgir Ármannsson:**

Herra forseti. Þegar rætt er um alvarleg brot, brot á hegningarlögum, sem eru bæði refsiverð og saknæm, verða menn, jafnvel hv. þingmenn, að gæta orða sinna. Þegar gefið er í skyn með þeim hætti sem hv. þingmaður gerði á opinberum vettvangi, að framin hafi verið saknæm og refsiverð brot, þarf eitthvað meira að vera fyrir hendi en bara hugrenningar viðkomandi þingmanns. Það hefur ekkert komið fram í sambandi við akstur þingmanna sem gefur tilefni til þess að ætla að framin hafi verið refsiverð brot. Það er ekkert sem komið hefur fram um

það. Ef hv. þingmaður hefur einhverjar upplýsingar um það sem við hin höfum ekki vænti ég þess að þær komi fram.

### **Þórhildur Sunna Ævarsdóttir:**

*Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðum um þetta mál að hv. þingmaður sem hér um ræðir, Ásmundur Friðriksson, hefur sjálfur upplýst um það að hann hafi rukkað fyrir ýmsar ferðir sem má draga verulega í efa að hafi haft nákvæmlega með þingstörf hans að gera. Kaffiferðir um kjördæmið eru ekki endilega eða réttilega eitthvað sem hægt er að rukka þingið fyrir.*

*Það hafa komið fram í opinberri umræðu greinargóðar skýringar á því að sé ekki rétt farið með, ef verið er að rukka þingið fyrir eitthvað sem þingið á ekki að borga fyrir, þá geti það talist fjársvik. Það hefur líka komið fram og það var ekki bara ég sem hér stend sem segi það heldur bara mikilsvirtir fræðimenn í lögfræði. Þannig að ég veit ekki alveg hvað hv. þingmaður er að gefa í skyn.*

*Ég endurtek enn og aftur: Ég sagði ekki að brot hefði átt sér stað, ég kallaði eftir rannsókn á því og það má, hæstv. forseti, það má kalla eftir því að stofnanir þessa samfélags standi sig í stykkinu, sama gagnvart hverjum.*

### **Jón Þór Ólafsson:**

Herra forseti. Það er rökstuddur grunur um að mögulega hafi lögum og reglum um þingfararkostnað ekki verið fylgt. Það er ástæðan fyrir því að forsætisnefnd er að vinna í þessu máli því að það er rökstuddur grunur. Þá þarf forsætisnefnd að hafa eftirlit með skrifstofu Alþingis og þeim fjármunum sem er útteilt þar. Það er nákvæmlega það sem við erum að gera.

Ég er sammála hv. þm. Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur um að það sé rökstuddur grunur að við þurfum að skoða þessi mál. Um það er ekki deilt. Ef menn misskilja svo mál hennar þannig að rökstuddur grunur þýði bara hvort lögreglan eigi að hefja rannsókn, sakamálarannsókn, þá er það þeirra misskilningur. Þórhildur Sunna hefur leiðrétt hann. En það er rökstuddur grunur, við þurfum að skoða þetta mál og við erum að því. Nefndin hefur kallað eftir greinargerð frá skrifstofu Alþingis um framkvæmd reglna og laga skrifstofunnar þegar kemur að þingfararkaupi. (Forseti hringir.) Það er staðan núna. Svo gætum við þurft að skoða málið út frá síðareglum. Komið er rökstutt erindi til nefndarinnar frá Birni Leví Gunnarssyni. Við viljum bara rannsaka það. Við höfum lögbundna skyldu í forsætisnefnd til að gera það. Það er það sem við munum gera og erum að gera.

### **Brynjar Níelsson:**

Hæstv. forseti. Ég held að menn séu svolítið að nota hugtök sem þeir ráða ekki alveg við í þessu máli. Þegar sagt er að það sé rökstuddur grunur um að menn hafi framið refsiverðan verknað sem varði við hegningarlög eru þeir að segja mjög mikið. Venjulega dugir það til þess að menn séu jafnvel settir í gæsluvarðhald o.s.frv.

Þegar menn hafa engin gögn til staðfestingar þessu — og það breytir engu þó að í umræðunni hafi verið sagt að menn hafi hugsanlega ekki átt rétt á endurgreiðslu á einhverjum akstri — þá uppfyllir hvorki skilyrði fjársvikabrots né fjárdráttarbrots eins og einhvern tíma var í umræðunni, eins gáfulegt og það var nú. Menn eru auðvitað að misskilja þetta. Það er alvarleg ásökun sem menn nota ekki, hvorki í pólitískum tilgangi né öðrum, að segja að það sé rökstuddur grunur um hegningarlagabrot eða refsiverða háttsemi. Menn eiga í raun og veru að skammast sín fyrir að nota svona.

### **Logi Einarsson:**

Herra forseti. Ég ætla að taka aðeins annan vinkil á þetta mál. *Hafa hv. þingmenn fylgst með umræðu í fjölmiðlum, á kaffistofum, á sundstöðum og umræðum úti um allt land?*

*Almenningur treystir okkur ekki. Hér mælist traust á Alþingi 22% meðal þjóðarinnar, 30 prósentustigum undir því sem gerist að meðaltali annars staðar í vestrænum ríkjum. Það þýðir einfaldlega ekki í hvert skipti sem við erum beðin um einhverjar upplýsingar, að við köstum sandi í tannhjólin til þess að hægja á öllu og reyna að hylma yfir hluti.*

*Nú skulum við bara sameinast um að koma með þetta allt upp á borðið. Það er líka betra fyrir þá sem eru sakaðir um mögulegt lögbrot að hlutirnir komist bara á hreint. (Gripid fram í: Heyr, heyr.) Ef við höfum ekkert að fela skulum við fara nokkur ár aftur í tímann og birta þær upplýsingar sem beðið er um. (Gripid fram í: Heyr, heyr.)*

### **Helgi Hrafn Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Það er nú ekki þannig að lögmennastéttin, með fullri virðingu fyrir henni og öllum sem í henni starfa, hafi einkaleyfi á íslenskri tungu. Það er bara ekki þannig.

Hv. þm. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir útskýrði hérna mjög vel hvað hún ætti við. Hún útskýrði mjög vel að það væri ekki það sama og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins rembast við að reyna misskilja hér. Hv. þingmaður nefndi rökin hér, þannig að mig langar að biðja hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sér í lagi hv. þingmenn, Birgi Ármannsson og Brynjar Níelsson, að hlusta bara á það sem hv. þm. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir sagði. Hún útskýrði mál sitt afskaplega vel og alveg skýrt.

Það er alveg ljóst að hún var ekki að tala um rökstuddan grun í því samhengi sem lögreglan notar það orðalag, það var alveg skýrt. Hún var að nota það í því samhengi að hún telur efni til þess að rannsaka hlutinn. Það getur ekki verið skýrara og verið er að rannsaka hlutina á sinn hátt.

*Annað í þessu er að umræðan snerist um eftirlitsstofnanir Íslands sem standa sig ekki í stykkinu af einhverjum ástæðum og reyndar er afskaplega lítil hefð hér á bæ fyrir aðhaldi og mótvægi í stjórnmálum almennt. Það er kjarni málsins. Ekki það hvort hv. þingmaður hafi notað einhver tvö orð sem lögmenn á þingi krefjast þess að fá að misskilja. (Gripid fram í: Heyr, heyr.)*

## **Björn Leví Gunnarsson:**

*Virðulegi forseti. Við erum í rauninni að tala um traust þingsins, eins og hv. þm. Logi Einarsson kom inn á. Ástæðan fyrir því að ég spurði þessarar spurningar er t.d. sú að traustið er svona lítið. Þegar upp koma ásakanir eru þær sjálfkrafa álitnar sannar, bara því að þær koma fram. Þess vegna spyr ég: Eru þær sannar eða ekki? Ég vil fá það upp á borðið til þess þá að hrekja þær og vantraustið gagnvart Alþingi og sýna þá einfaldlega svart á hvítu að þær mýtur sem eru í gangi eru ekki sannar. Eða þá að við náum sannleikanum upp á yfirborðið, sýnum hvað er satt og rétt, bregðumst við því á góðan og réttan hátt og förum ekki í einhvers konar orðaskilgreiningakast. Við köllum bara hrút hrút. [Hlátur í þingsal.] Þegar allt kemur til alls snýst þetta um, sem er búið að rekja mjög vel og greinilega, að þetta getur endað í hegningarlagabroti. (Forseti hringir.)Þá verðum við líka að kalla það því nafni. Það er ekkert flóknara en það.*

## **Jón Þór Ólafsson:**

Herra forseti. Bara svo landsmenn skilji líka jákvæðu hliðarnar í þessu, hvað er að gerast hérna, þá munum við líklega fá upplýsingar um þingfararkostnað þingmanna tíu ár aftur í tímann, og virðist vera samhljómur um það. Það er gríðarlega jákvætt skref fyrir landsmenn alla en ekki síst fyrir okkur sem störfum hérna, að þetta sé allt gegnsætt. Því að þegar menn hafa svólítið sjálfðæmi eða þegar lítið eftirlit er með hlutunum og hvernig menn fara með þá, er freistnivandi. Við vitum alveg að það er freistnivandi. Þetta er líka gott fyrir okkur að freistnivandinn sé tekinn út af borðinu. Þetta er gegnsætt. Landsmenn sjá það. Það mun þýða meira traust á okkur þegar fram í sækir. Það mun þýða að landsmenn munu segja: Já, þarna tóku þingmenn ákvörðun um að hafa þetta gegnsætt, hafa allt uppi á borðum. Það er er jákvætt.

Og svo varðandi hitt, eftirlitið. Það er líka jákvætt. Það er lögbundin skylda forsætisnefndar að hafa eftirlit með hvernig fjármunum þingsins er varið, og um það höfum við fengið upplýsingar frá skrifstofu Alþingis. Það er auðvelt að lesa út úr lögnum: Það er lögbundin skylda okkar að hafa eftirlit með því (Forseti hringir.) hvernig fjármunum þingsins er varið. Það er það sem við munum gera. Þetta kemur allt upp á yfirborðið. Hvernig sem það fer er þetta allt saman mjög jákvætt þó að það sé óþægileg fyrir suma eins og staðan er núna.

## **Brynjar Níelsson:**

Hv. forseti. Ég vil segja við hv. þm. Helga Hrafn Gunnarsson að það er enginn misskilningur í þessu og það er enginn orðhengilsháttur.

Þegar sagt er að það sé rökstuddur grunur um að einhver hafi framið hegningarlagabrot og að lögreglan þurfi að rannsaka, af því að lögreglan rannsakar ekki brot nema það sé rökstuddur grunur, er verið að segja að það sé rökstuddur grunur og að fyrir liggi gögn um að viðkomandi hafi framið slíkt brot.

Hér liggja engin gögn fyrir um það og engin umræða í samfélaginu breytir því, þó að það geti verið umræða í samfélaginu um að hugsanlega hefði þingmaðurinn ekki átt rétt á

einhverjum af þessum greiðslum. En til þess að það sé brot þá þarf hann að blekkja. Hann þarf að blekkja út peninga, hann þarf þá að skrifa rangan texta eða eitthvað slíkt.

Ekkert slíkt er í málinu. Og svo komið þið öll hér, hv. þingmenn, og blaðrið um þetta með þessum hætti, að hér sé einhver misskilningur eða einhver orðhengilsháttur. Þetta er ekki orðhengilsháttur. *Verið er að saka menn um alvarleg brot og menn eiga að skammast sín fyrir það.*

### **Jón Gunnarsson:**

Virðulegur forseti. Ég hef setið í 11 ár á þingi núna í vor. Mér finnst umræðan hér vera komin á nýtt stig sem ég hef ekki upplifað áður. Það er mjög alvarlegt, virðulegi forseti, mjög alvarlegt.

*Hér er verið að ásaka starfsmenn þingsins, forseta þingsins um að sinna ekki hlutverkum sínum, sinna ekki vinnuskyldum sínum. Gefið er í skyn að horft sé fram hjá augljósum lögbrotum sem hafi átt sér stað hjá hv. þingmönnum. Það er algjörlega óviðeigandi og alveg nýtt í mínum huga að slíkt skuli vera tekið upp á vettvangi þingsins, í þingsal.*

Virðulegi forseti. Það er algjörlega óboðlegt og þingið hlýtur að þurfa bregðast við því. Yfirstjórnin þarf að taka til varna fyrir starfsmenn sína og fyrir forseta þingsins. Við getum ekki látið bjóða okkur þetta lengur. Hér er síðan talað um að traust á Alþingi sé ekki mikið úti í bæ og að það sé vegna þess að starfsmenn þingsins og forseti þingsins og þeir sem bera ábyrgð hér, kasti sandi í tannhjólin til þess að hylma yfir einhver dæmi sem gefið er í skyn með ómerkilegum hætti að hafi átt sér stað.

Það er ekki von til þess að við náum að vinna það traust sem við höfum öll oft rætt um að sé mikilvægt fyrir þingið að vinna til baka. Það gerist ekki með slíkum munnsöfnuði, með slíkum málflutningi eða slíkum vinnubrögðum sem hér eru stunduð.

### **Þorsteinn Víglundsson:**

Virðulegur forseti. Ég get alveg tekið undir með mönnum hér að okkur ber að tala varlega um mál af þessu tagi og fara varlega með þær ásakanir sem settar eru fram. En við skulum hins vegar ekki gera lítið úr þeim. Við þurfum að gera betur í þessu máli en við höfum þegar gert.

Við þurfum að opna fyrir upplýsingar um þær greiðslur sem þarna eiga sér stað, auka gagnsæi þeirra, skýra með betri hætti gagnvart almenningi hvaða reglur gildi um þær og jafnvel að endurskoða þær reglur sem um þær gilda. *Því að við þurfum líka að átta okkur á því að í sumum tilvikum í það minnsta höfum við sett okkur hagstæðari reglur um okkur sjálf en almenningur nýtir almennt, t.d. þegar kemur að skattfrelsi ökutækjagreiðslna. Það finnst mér óeðlilegt. Mér finnst að við hljótum að þurfa að setja sömu mælistiku á okkur í endurgreiðslu og skattfríðindum af útlögðum kostnaði og gildir um alla aðra landsmenn. Það er sú vinna sem við eigum eftir. Við þurfum að ljúka við að upplýsa um þessar*

*greiðslur þannig að þær séu gagnsæjar, en við þurfum líka að tryggja að þær séu í samræmi við það sem gengur og gerist almennt hjá öðrum (Forseti hringir.) borgurum þessa lands. (Gripið fram í: Heyr, heyr.)*

### **Björn Leví Gunnarsson:**

*Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst hver málsatvik eru hérna. Komið hefur fram að skrifstofustjóri Alþingis hefur sagt að ekki hafi verið haft eftirlit með þessum greiðslum. Það hefur komið fram í viðtali við Stundina. Það hefur líka komið fram að lektor í refsirétti, held ég að hafi verið, segir að þegar ekki sé greint rétt frá endurgreiðslum séu það fjársvik.*

*Það er mjög skýrt í lögum um þingfararkostnað og reglum forsætisnefndar að endurgreiða skuli alþingismanni kostnað við ferðir ef hann þarf að ferðast innan lands í tengslum við störf sín. Þar má setja risastórt spurningarmerki við það hvort endurgreiðsla vegna prófkjörs eða kosningabaráttu tengist í alvörunni störfum þingmanns eða frambjóðanda.*

*Þetta liggur hérna fyrir framan okkur. Ef þetta endar í því að það varði við brot á hegningarlögum verðum við að kalla það því nafni. Það eru engin gífuryrði. Það er einfaldlega, eins og ég sagði áðan, að kalla hrút hrút.*

### **Logi Einarsson:**

Herra forseti. Nú veit ég ekki hversu stóran hluta af þessu 22% trausti hv. þm. Jón Gunnarsson á, en það er eflaust verulegt. *Það sem ég átti við með orðum mínum um að kasta sandi í tannhjólid var ekki að hylma yfir neitt heldur að átti það að lýsa því sem er vel þekkt þegar kerfi fara ósjálfrátt að verja sjálfa sig og bregðast við óþægilegum hlutum. Það á alveg jafnt við um mig og aðra þingmenn hér inni. Það sem ég segi er að talað er um þessa hluti úti um allt í samfélaginu á hverjum degi. Um leið og ég tek undir með hv. þm. Þorsteini Víglundssyni um að við eigum að tala varlega og við eigum auðvitað ekki að segja hluti sem ekki er innstæða fyrir, er full ástæða hjá Pírötum og öðrum til að leggja áherslu á þessi mál og að við höfum frumkvæði að því að birta allar upplýsingar sem ekki eiga að vera neitt leyndarmál. (Gripið fram í: Heyr, heyr.)*

### **Helgi Hrafn Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Mér finnst það sem hv. þm. það sem Jón Gunnarsson sagði hérna áðan einmitt undirstrika tilraun til þess að drepa málinu á dreif.

*Hann fór að tala um að hér í pontu væru menn að saka starfsmenn þingsins um hitt og þetta. Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. Jón Gunnarsson sjálfur sem byrjaði á að tala um það.*

*Þessi umræða hófst með því að hv. þm. Birgir Ármannsson kvartaði undan því hvernig hv. þm. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir talaði í viðtali í gær, ekki hér í pontu. Það má vera*

*að það sé nýtt að slíkt sé tekið upp í þingsal. Ég átta mig alveg á því að fólk getur verið móðgað yfir hlutum, ég verð oft mjög móðgaður sjálfur, m.a. yfir því sem hv. þm. Jón Gunnarsson segir ef út í það er farið, en læt það liggja á milli hluta í bili.*

**En í grundvallaratriðum er verið að kvarta undan því að þetta mál sé rætt. Í grundvallaratriðum er verið að kvarta undan því að haft sé orð á því að stofnanir samfélagsins sinni ekki eftirlitsskyldum sínum, hvort sem það er Alþingi, aðrar stofnanir eða þingmenn. Og þessi ofboðslegi ótti við að það sé yfir höfuð rætt finnst mér segja sína sögu þegar það kemur frá hv. þm. Jóni Gunnarssyni. Ég get alla vega sagt það fyrir mitt leyti, ég veit ekki nákvæmlega hvernig framhald mála á alltaf að vera á Íslandi, en pólitísk ábyrgð á Íslandi er slæmt djök og það er ekki málið núna að þegja yfir því, allra síst og þvert á móti.**

### **Jón Gunnarsson:**

Virðulegur forseti. Hér erum við komin á kunnuglegan stað í umræðunni, þ.e. menn fara að fara á flóttu frá eigin orðum og ábyrgð sinni gagnvart því að standa við það sem þeir segja. Hér er reynt að gera það að umtalsefni sem ég sagði áðan, og sagt að ég sé ofboðslega óttasleginn yfir því að skoða eigi þessi mál, alveg miður mín yfir því, og að ég sé að reyna að taka þátt í því að drepa málinu á dreif.

Virðulegur forseti. Ég held að væri ágætt í lok þessarar umræðu að hæstv. forseti færi yfir það hvernig þingið og forsætisnefndin hefur brugðist við þessu. Þeim hv. þingmönnum sem svona tala er fullkunnugt um það, því að það er með þeirra þátttöku sem umræðan hefur átt sér stað á fundum formanna þingflokka, á fundum forsætisnefndar, þar sem farið er nákvæmlega yfir þessi mál, þar sem enginn hefur hreyft andmælum við því að hér verði allt uppi á borðum, að birtar verði upplýsingar aftur í tímann, að skýra þurfi þessar reglur. Ég tek fyllilega undir það. Ekkert okkar hefur talað gegn því hér. En verið er að reyna að tortryggja málin, virðulegur forseti, með þeim hætti að fólk úti í bæ, sem getur eðlilega ekki verið eins vel inni í málunum, haldi að verið sé að reyna að moka hér yfir einhvern skít. Slíkt er ómerkilegur málflutningur, virðulegur forseti. Hann er ekki viðeigandi og (Forseti hringir.) hann er ekki samboðinn þinginu. Ég bið bara um að það hætti, að menn taki á þessu með viðeigandi hætti og öllum þeim eðlilegu ráðum sem þingið á að beita í þessum efnunum.

### **Steingrímur J Sigfússon:**

Forseti hefur ekki veitt því athygli að fleiri hafi óskað eftir að ræða fundarstjórn. Er það rétt hjá forseta? Ef svo er vill forseti segja það eitt af tilefni þessarar umræðu að ég held að það sé best að verkin tali fyrir hönd Alþingis í þessum efnunum. Forseti hyggst ekki fara hér í rökræður um stöðu mála. Þær eru á sínum rétta vettvangi eins og lög, þingsköp og lög um þingfararkostnað og þingfararkaup gera ráð fyrir. Þessi mál eru til umfjöllunar í forsætisnefnd og úrlausnar þar. Þar eiga allir þingflokkar sína fulltrúa eða áheyrnarfulltrúa. Sömuleiðis hefur verið haft mikið samráð við formenn þingflokka um þetta mál og verður gert áfram.

Ég vænti þess að verk af hálfu Alþingis muni mæta þeirri umræðu og því ákalli sem er um betri framkvæmd þessara mála og meiri upplýsingar, en legg þingmönnum sjálfum það í vald

að meta hversu mikið þeir meta virðingu Alþingis eða bæta stöðu þessara mála með því að ræða það með þeim hætti sem hér hefur verið gert í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

## 5. Ræða Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur í störfum þingsins

27.02.2018

Herra forseti. Að gæta orða sinna er góða gjalda vert í flestum tilfellum. Þó ætti okkur í frjálsum lýðræðisríki að vera frjálst að viðhafa stór orð, jafnvel móðgandi eða særandi, sérstaklega þegar kemur að pólitískri og samfélagslegri umræðu á opinberum vettvangi.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í lögbannsmáli Glitnis HoldCo gegn *Stundinni* og Reykjavík Media, kom fram með leyfi forseta:

„Þegar tekin er afstaða til þess hvort sjónarmið um friðhelgi einkalífs geti réttlætt lögbannið sem mál þetta snýr að verður ekki litið fram hjá því að umfjöllun stefnda beindist í öllum aðalatriðum að viðskiptalegum umsvifum þáverandi forsætisráðherra, þ.e. einstaklings sem hefur sem stjórnmalamaður sjálfur gefið kost á sér til opinberra trúnaðarstarfa. Stjórnmalamenn geta almennt ekki vænst þess að njóta sömu verndar og aðrir einstaklingar gagnvart opinberri umfjöllun eða annarra lagareglna sem tryggja eiga leynd upplýsinga. Þvert á móti verður að telja að almenningur eigi við ákveðnar aðstæður tilkall til þess að fá upplýsingar um stjórnmalamenn sem að öllu jöfnu myndu teljast til einkamálefna, einkum þegar upplýsingarnar sem um ræðir tengjast því hvernig þeir hafi rækt hlutverk sitt sem stjórnmalamenn.“

Herra forseti. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lýst því í máli Castells gegn Spáni hversu mikilvægt það er að þingmenn fái að tjá sig opinberlega og opinuskátt um málefni líðandi stundar í fjölmiðlum þar sem það þykir mikilvægur þáttur í opinberri og lýðræðislegri umfjöllun, meira að segja þegar tjáningin gæti kallast móðgandi eða stóryrt. Í öðrum dómi Mannréttindadómstólsins um tjáningarfrelsi þingmanna er þess þó sérstaklega getið að þingmenn verða að gæta að því að halda í heiðri lýðræðislegar hefðir og jöfn réttindi allra.

Því vil ég mælast til þess af öllum þingmönnum sem hafa ásakað þá sem hér stendur um að gæta orða sinna og vanda að virðingu þingsins að fara sérstaklega varlega með það þegar verið er að draga úr rétti t.d. útlendinga hér eða annarra minnihlutahópa (Forseti hringir.) í samfélaginu í þessari pontu að gæta að því lýðræðislega hlutverki að allir skuli jafnir fyrir lögum og öll njótum við mannréttinda. Því að þar þarf að gæta orða sinna.

## 6. Ræða Páls Magnússonar í störfum þingsins 27.02.2018

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir stóð hér áðan upp til varnar þeim rétti manna að móðga aðra og að vissu leyti eru það sjálfsögð mannréttindi.



Hv. þingmaður gerði hins vegar rúmlega það í sjónvarpsþætti hér um helgina. Hún staðhæfði að nafngreindur þingmaður lægi undir rökstuddum grun um glæp, um fjársvik. Nú vill þannig til að það eru hæg heimatökin hér í þinginu að ganga úr skugga um þetta því að sá grunur hlýtur þá að vera fyrir hendi hjá þeim aðila sem á að hafa eftirlit með því sem hér er á ferð, þ.e. hann hlýtur að vera fyrir hendi hjá þinginu sjálfu eða skrifstofu þess.

Stjórn þingsins eða skrifstofa þingsins getur núna gengið úr skugga um það, hún getur kveðið upp úr um það, hvort þessi grunur sé fyrir hendi. Hvort fölskum faktúrum hafi verið framvísað, hvort fé hafi verið sviðið út úr Alþingi með þessum hætti, hvort að slík könnun sé í gangi eða hvort fyrir liggi hjá þinginu, hjá eftirlitsaðilanum, rökstuddur grunur um að þetta hafi verið gert.

Úr þessu er hægt að fá skorið hér í þinginu, hjá okkur sjálfum. Því að annars er þetta ekki rökstuddur grunur, hv. þingmaður, heldur það sem mig grunar, órökstuddar dylgjur.

## 7. Björn Leví Gunnarsson 28.11.2018

Fréttablaðið og hlekkur á viðtal í morgunútvarp Rásar 2.

“Ljóst að þingmenn hafi fengið endur-greiddan aksturskostnað þegar slíkt ætti ekki við. Björn var gestur [Morgunútvarpsins](#) á Rás 2 í morgun.”

Björn hyggst munu beita sér fyrir málinu af fullum þunga áfram. Kastast hefur í kekki á milli hans og Ásmundar, auk þess sem aðrir Sjálfstæðismenn hafa sagt Björn vega illa að Ásmundi með því að þjófkenna hann. Ásmundur fór mikinn í viðtali á Bylgjunni í gær þar sem hann sagði það furðulegt að Björn skyldi leggja sig í einelti, hafandi sjálfur beygt af í ræðu um einelti í ræðustól þingsins.<sup>4</sup>

---

<sup>4</sup> <https://www.frettabladid.is/frettir/segir-akstursgreislur-til-asmundar-vera-loegreglumal>